

Skipulagsnefnd Garðabæjar - 2 (14.1.2016) - Kauptún 2 og 3, breyting á dsk Kauptúns.

Málsnúmer : 1511026
Málsaðili : THG arkitektar
Niðurstaða (stutt) :
Fundardagur : 14.01.2016

Inngangur :
Niðurstaða : Lögð fram tillaga að breytingu deiliskipulags Kauptúns að lokinni forkynningu sem stóð frá 11.desember til 6.janúar. Lagðar fram ábendingar sem borist hafa. Einnig lagt fram minnisblað Mannvits um umferðargreiningu þar sem tekið er tillit til aukins byggingarmagns samkvæmt tillögu að breytingu á aðalskipulagi. Þá liggur fyrir tillaga Landslags ehf. að útfærslu lóðar númer 1. Þorsteinn Hermannsson verkfræðingur hjá Manniviti gerði grein fyrir umferðargreiningunni. Þráinn Hauksson gerði grein fyrir breytingartillögum á útfærslu lóðar að Kauptúni 1.

Eftirfarandi breytingar eru lagðar til á tillögunni:

Byggingarreitur fyrir skilti komi inn á lóð 3 á móts við skilti S4.
Bætt verði við akrein við fremra hringtorgið fyrir hægri beygu frá Kauptúni 1-3
Bætt verði við akrein til suðvestur milli hringtorgs og ljósastýrðra gatnamóta við Urriðaholtsbraut.
Tekin verði út setningin „Liðka þarf kröfur um fjölda bílastæða“
Að fjöldi bílastæða á lóð númer 1 verði 270 stæði og hámarksbyggingarmagn 8.100 sbr. Framlögð tillaga Landslags nr 3.
Ákvæði um þakefni og útfærslu langhliðar á lóð nr. 1 lagfærð.
Kællirafar verði staðsettir á útvegg aftan á viðbyggingu á nr. 3 en ekki á þaki.
Skipulagsnefnd heimilar auglýsingu tillögunnar með ofangreindum breytingum í samræmi við 1.mgr.41.gr.
Skipulagslaga. Auglýsa skal breytingartillöguna í samhliða tillögu að breytingu aðalskipulags.
Fulltrúi Bjartar framtíðar Baldur Ó. Svavarsson sat hjá við afgreiðslu málsins og lagði fram eftirfarandi bókun: "Björt framtíð gerir alvarlegar athugasemdir við framlagðar tillögur að breytingum á deili- og aðalskipulagi Kauptúns. Athugasemdirnar lúta að undirbúningi, formi og fyrirkomulagi tillagna. Áherslum umhverfis og vistvæni sem einkenni skipulags á svæðinu er varpað fyrir róða m.a. með áætlun um eina stærstu bensínstöð landsins á svæðinu. Umhverfis og útlitslegar áherslur og kröfur til nýbygginga eru veikar og lítið tillit tekið til þeirra sem fyrir eru á svæðinu sérílagi í Kauptúni 3.
Umferðagreininir benda til stóru aukinnar umferðar sem kalla á breytingar á umferðarmannvirkjum, en engin kostnargreining eða áætlun liggur fyrir um hvenær þær gerði gerðar né hver greiði fyrir þær greytingar."